



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

VIÐHORF UNGLINGA TIL STARFSEMI FÉLAGSMIÐSTÖÐVA



Hildur B. Svavarsdóttir
október 2014

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	2
Tafla 1. Fjöldi svarenda.....	2
 AÐ KOMA Í FÉLAGSMIÐSTÖÐ	3
Tafla 2. Hversu oft unglingar mæta í félagsmiðstöð	3
Tafla 3. Starf sem unglingar sækja í.....	3
Tafla 4. Upplýsingar um félagsmiðstöðvastarfið	4
Mynd 1. Tími sem það tekur að ganga að heiman í félagsmiðstöðina.....	4
 STARFIÐ Í FÉLAGSMIÐSTÖÐINNI	5
Tafla 5. Ánægja og líðan í félagsmiðstöðinni.....	5
Tafla 6. Samskipti og reglur	6
Mynd 2. Að kynnast krökkum í félagsmiðstöðinni sem þú þekktir ekki áður	6
Tafla 7. Helstu ástæður fyrir því að sækja félagsmiðstöðina	7
Mynd 3. Fjölbreytni eða einhæfni starfsins í félagsmiðstöðinni	7
Mynd 4. Viðtökur við hugmyndum um viðburði og annað til að gera í félagsmiðstöðinni.....	8
Tafla 8. Er hlustað á ákveðna hóp í meira mæli en annarra?	8
Mynd 5. Lærdómur af verunni í félagsmiðstöðinni	9
 SAMANTEKT	10

INNGANGUR

Haustið 2013 hófst undirbúningur að könnun fyrir unglinga í félagsmiðstöðvum í Reykjavík. Deildarstjórar unglingastarfs í öllum hverfum þróuðu spurningalista þar sem spurt var um ýmsa þætti sem tengjast starfinu í félagsmiðstöðvunum, bæði staðreyndir um þátttöku og viðhorf til starfsins. Ákveðið var að markhópurinn yrði unglingar sem sækja félagsmiðstöðvar reglulega og að fyrirlagnir yrðu í hverri félagsmiðstöð.

Á tímabilinu janúar-mars var farið í 19 félagsmiðstöðvar á opnunartíma þeirra og alls tóku 764 unglingar þátt í könnuninni. Þátttaka í starfi félagsmiðstöðva er frjálst og því ekki hægt að miða við sérstakt svarhlutfall, þó var reynt að hafa lágmarksfjölda þátttakenda um 25 til þess að hver og ein félagsmiðstöð gæti fengið sérstakar niðurstöður.

Tafla 1. Fjöldi svarenda

Félagsmiðstöð	Fjöldi svara	Strákar	Stelpur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
105	48	42%	58%	50%	31%	19%
100og1	28	39%	61%	57%	29%	14%
Bakkinn	43	49%	51%	44%	26%	30%
Buskinn	25	64%	36%	21%	46%	33%
Bústaðir	32	41%	59%	18%	0%	81%
Dregyn	48	57%	43%	30%	30%	40%
Fjörgyn	63	44%	56%	26%	21%	53%
Fókus	29	59%	41%	19%	37%	44%
Frosti	63	76%	24%	15%	23%	63%
Gleðibankinn	34	44%	56%	35%	35%	29%
Holtið	38	43%	57%	34%	40%	26%
Hólmasel	37	51%	49%	65%	22%	14%
Hundraðogellefu	36	47%	53%	44%	11%	44%
Laugó	28	54%	46%	37%	44%	19%
Púgyn	65	63%	37%	43%	15%	42%
Sigyn	36	78%	22%	44%	31%	25%
Tían	46	44%	56%	48%	13%	39%
Tónabær	26	58%	42%	46%	31%	23%
Þróttheimar	39	41%	59%	45%	24%	31%
Samtals	764	53%	47%	38%	25%	37%

Könnunin var rafræn og var farið á staðinn með nokkrar spjaldtölvur og þráðlausan netsendi þar sem ekki var alls staðar þráðlaust net í húsnæði félagsmiðstöðvanna. Stundum voru borðtölvur nýttar ef þær voru til staðar. Könnunin var kynnt fyrir unglingunum og þeim var heimilt að hafna þátttöku.

Í skýrslunni eru niðurstöður birtar þannig að meðaltal Reykjavíkur er sýnt í töflum eða myndum, oftast einnig með samanburði eftir kynjum og aldri. Hver og ein fristundamiðstöð fær niðurstöður hverfisins og allra félagsmiðstöðva sem þar tilheyra og því er ekki mikið um hverfasamanburði í skýrslunni.

AÐ KOMA Í FÉLAGSMIÐSTÖÐ

Um 70% þeirra sem tóku þátt í könnuninni komu þangað vikulega eða oft. Heldur færri stelpur komu vikulega eða oft og einnig komu unglingar í 10.bekk sjaldnar en hinir.

Tafla 2. Hversu oft unglingar mæta í félagsmiðstöð

	Vikulega eða oft	2-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar
Alls	69%	20%	11%
Strákar	71%	16%	13%
Stelpur*	67%	23%	10%
8. bekkur	78%	17%	5%
9. bekkur	76%	19%	5%
10. bekkur*	56%	23%	21%

*Marktækur munur

Langflestir sóttu félagsmiðstöðina á kvöldin í miðri viku (85%) en þó komu 68% að minnsta kosti tvisvar í mánuði í félagsmiðstöðina á föstudagskvöldum. Föstudagskvöld voru heldur vinsælli hjá unglingum í 9. bekk en hinum aldurshópunum. Einnig var spurt um opnun á dagtíma (strax eftir skóla eða seinni part dags) þar sem það var í boði og var það mest notað af unglingum í 9.bekk en minnst af unglingum í 10. bekk.

Spurt var um hvað unglingarnir væru helst að sækja í félagsmiðstöðina og voru böll og opið hús á kvöldin það sem flestir sóttu reglulega.

Tafla 3. Starf sem unglingar sækja í

	Oft	Stundum	Aldrei
Fundi í ráðum/nefndum	29%	19%	52%
Böll	76%	19%	5%
Ferðir	49%	37%	14%
Hópa/klúbbastarf	30%	39%	31%
Opið hús á kvöldin	71%	23%	6%
Sérstaka viðburði	57%	36%	7%

Almennt sögðust unglingar í 10. bekk mæta sjaldnar á alla þessa liði sem eru í töflu 3, unglingar í 9. bekk virtust vera virkastir og unglingar í 8. bekk voru þar á milli með aðsókn.


Fleiri stelpur sögðust oft mæta á böll, sérstaka viðburði og ferðir á meðan opið hús á daginn virtist höfða meira til stráka. Þegar spurt var um fundi í ráðum og nefndum mættu 57% stráka aldrei á slíka fundi en 47% stelpna. Í þeirri spurningu munaði minna á þátttöku 10.bekkar en í hinum spurningunum.

Facebook virtist vera sú leið sem flestir notuðu til að sækja sér upplýsingar um félagsmiðstöðvastarfið og þar á eftir komu auglýsingar, bæði í grunnskóla unglinganna og í félagsmiðstöðvunum. Vinir og starfsfólk voru einnig mikilvæg í að miðla upplýsingum.

Tafla 4. Upplýsingar um félagsmiðstöðvastarfið

	Alls
Facebook félagsmiðstöðvarinnar	81,5%
Auglýsingar, t.d. plaggöt	60,6%
Vinir mínir	46,5%
Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar	37,5%
Instagram/Snapchat	23,7%
Heimasíða félagsmiðstöðvarinnar	14,8%
SMS	4,4%
Annars staðar	3,2%
Foreldrar mínir	1,6%

Aðgengi að félagsmiðstöðvunum virtist vera í góðu lagi en um 70% unglinganna sögðust vera í 10 mínútur eða minna að ganga að heiman frá sér í félagsmiðstöðina. Það var þó misjafnt eftir hverfum eins og sjá má á mynd 1.



Mynd 1. Tími sem það tekur að ganga að heiman í félagsmiðstöðina

Athyglisvert var að um 77% stráka töldu sig mjög örugga á leiðinni í og heim úr félagsmiðstöðinni en 57% stelpna. Sé hlutfall þeirra sem eru mjög og frekar örugg lagt saman eru það 93% stráka og 85% stelpna. Ekki reyndist marktækur munur eftir aldri, en þó eru vísbendingar um að yngstu stelpurnar og elstu strákarnir teldu sig minna örugg.

Rúm 94% unglínganna töldu það vera mikilvægt að það væri félagsmiðstöð í hverfinu þeirra, hlutfallið var nær jafnt meðal kynjanna en unglíngar í 9. bekk fannst það mikilvægara en hinum aldurshópunum.

STARFIÐ Í FÉLAGSMIÐSTÖÐINNI

Almennt séð voru unglíngarnir sem tóku þátt mjög ánægðir með starfið í félagsmiðstöðinni og leið vel þar, enda er mæting þangað valfrjál. Unglíngar í 10. bekk voru heldur óánægðari en hinir aldurshóparnir og strákar voru líklegri til að merkja við að þeir væru *mjög sammála* fullyrðingunum þó að samanlagt hlutfall þeirra sem voru *mjög/frekar sammála* væri alltaf yfir 90% hjá báðum kynjum.

Tafla 5. Ánægja og líðan í félagsmiðstöðinni

		8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Strákur	Stelpa
Mér finnst oftast gaman í félagsmiðstöðinni	Mjög sammála	78%	76%	61%	76%	65%
	Frekar sammála	18%	21%	28%	18%	28%
	Hvorki né/ósammála	4%	3%	11%	6%	7%
Ég er ánægð(ur) með félagsmiðstöðina	Mjög sammála	81%	79%	65%	77%	71%
	Frekar sammála	16%	17%	28%	18%	23%
	Hvorki né/ósammála	3%	4%	7%	5%	6%
Mér líður vel í félagsmiðstöðinni	Mjög sammála	83%	83%	70%	81%	75%
	Frekar sammála	14%	13%	22%	15%	19%
	Hvorki né/ósammála	3%	4%	8%	4%	6%
Ég er örugg(ur) í félagsmiðstöðinni	Mjög sammála	78%	84%	71%	79%	74%
	Frekar sammála	16%	10%	20%	15%	17%
	Hvorki né/ósammála	6%	6%	9%	6%	9%


Spurt var um stríðni og einelti og er ánægjulegt að segja frá því að einungis 8 af þeim tæplega 800 svarendum sögðu að sér hefði verið strítt í félagsmiðstöðinni, þar af 6 sem sögðu það hafa gerst einu sinni. Einn svarandi sagðist hafa orðið fyrir einelti í félagsmiðstöðinni og lét hann starfsfólk vita af því. 12 unglíngar sögðust hafa séð öðrum strítt í félagsmiðstöðinni, 3 sögðust hafa séð einelti eiga sér stað en enginn af þeim lét starfsfólk vita af því í kjölfarið.

Næstum allir þátttakendur voru ánægðir með samskipti við starfsfólk félagsmiðstöðvanna og treysti þeim vel eins og sjá má í töflu 6. Einnig var ekki teljandi óánægja með reglur félagsmiðstöðvanna.

Tafla 6. Samskipti og reglur

		8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Strákur	Stelpa
Ég er ánægð(ur) með samskipti við starfsfólk	Mjög sammála	87%	87%	76%	83%	83%
	Frekar sammála	8%	10%	18%	14%	11%
	Hvorki né/ósammála	5%	3%	6%	3%	6%
Ég er ánægð(ur) samskipti við aðra unglunga	Mjög sammála	64%	74%	68%	70%	65%
	Frekar sammála	28%	22%	23%	23%	26%
	Hvorki né/ósammála	8%	4%	9%	7%	9%
Ég er ánægð(ur) með reglunar félagsmiðstöðinni í	Mjög sammála	72%	74%	68%	71%	72%
	Frekar sammála	23%	20%	24%	23%	21%
	Hvorki né/ósammála	5%	6%	8%	6%	7%
Ég treysti starfsfólkinu í félagsmiðstöðinni	Mjög sammála	85%	84%	79%	83%	83%
	Frekar sammála	10%	11%	13%	12%	11%
	Hvorki né/ósammála	5%	5%	8%	5%	6%
Starfsfólkið er jákvæð fyrirmynd fyrir unglunga	Mjög sammála	85%	87%	81%	84%	84%
	Frekar sammála	12%	8%	15%	13%	12%
	Hvorki né/ósammála	3%	5%	4%	3%	4%

Unglingarnir voru spurðir hvort þeir hefðu kynnst einhverjum krökkum í félagsmiðstöðinni sem þeir þekktu ekki fyrir. Á heildina litið höfðu 68% kynnst mörgum eða nokkrum nýjum á þessum vettvangi.



Mynd 2. Að kynnst krökkum í félagsmiðstöðinni sem þú þekktir ekki áður


Þátttakendur voru beðnir að raða í mikilvægisröð nokkrum atriðum sem ættu stærstan þátt í að þau færu í félagsmiðstöðina. Ef lögð eru saman hlutföllin í 1.-3. sæti kom í ljós að 83% sögðust fara í félagsmiðstöðina til að hitta aðra unglunga/vini sína, 65% til að slaka á/hanga og 45% að sækja klúbbastarf.

Tafla 7. Helstu ástæður fyrir því að sækja félagsmiðstöðina

	1. sæti	2. sæti	3. sæti	4. sæti	5. sæti	6.sæti	7. sæti	8. sæti
Hitta aðra unglinga/ vini mína	75%	7%	1%	3%	1%	1%	10%	2%
Til að hanga/slaka á	15%	45%	5%	11%	1%	3%	16%	5%
Sækja klúbbastarf	6%	21%	18%	20%	3%	5%	17%	10%
Sækja viðburði	2%	10%	18%	32%	6%	8%	13%	12%
Vera í tölvuleikjum	0%	9%	15%	17%	18%	11%	11%	19%
Ekkert annað að gera	0%	4%	19%	8%	15%	25%	10%	19%
Böll	1%	3%	15%	6%	24%	21%	18%	13%
Hitta starfsfólkið	1%	1%	11%	3%	32%	27%	5%	21%

Lítill munur var eftir aldri og kynjum, þó röðuðu fleiri strákar því ofarlega að þeir kæmu til að hanga/slaka á eða sækja klúbbastarf og klúbbastarf var líka oftast ástæða þeirra sem eldri voru.

Langflestir töldu starfið í félagsmiðstöðinni vera fjölbreytt eða 90%. Þó má benda á að stór hluti þar af er ekki tilbúinn að merkja við að starfið sé mjög fjölbreytt heldur frekar fjölbreytt. Færri unglingar í 10. bekk telja starfið mjög fjölbreytt. Marktækur munur var einnig á viðhorfi stráka og stelpna.




Mynd 3. Fjölbreytni eða einhæfni starfsins í félagsmiðstöðinni

Þegar spurt var um hvort framboð á viðfangsefnum væri jafnt fyrir bæði kyn, meira fyrir stráka eða meira fyrir stelpur töldu 92-96% allra hópa að það væri jafnt fyrir bæði kyn.

Um 88% unglínganna sögðu **að þeir sjálfir réðu miklu** um hvað gert væri í félagsmiðstöðinni og var ekki munur eftir kynjum en sem fyrr voru það unglíngar í 9. bekk sem voru mest sammála því að þeir réðu miklu um innihald starfsins.

Unglínarnir voru spurðir hvort þeir sjálfir hefðu komið með hugmynd að viðburði eða öðru til að gera til starfsmanna eða unglínaráða. Um 53% höfðu gert það, marktækt fleiri stelpur en strákar eða 57% á móti 50%. Unglínar í 8. bekk höfðu sjaldnast komið með hugmyndir um starfið eða 44%. Á mynd 4 má sjá þær viðtökur sem hugmyndirnar höfðu fengið og þar sést að um 70% hugmyndanna voru framkvæmdar sem verður að teljast gott.




Mynd 4. Viðtökur við hugmyndum um viðburði og annað til að gera í félagsmiðstöðinni.

Þátttakendur voru beðnir að meta hvort það væru einhverjir hópar umfram aðra sem þeim þætti meira tekið mark á af starfsfólki en aðrir. Velja mátti 2-3 hópa og svo nei og því er samanlagt hlutfall yfir 100% í töflu 8. Tæpur þriðjungur taldi ekki að raddir ákveðinna hópa væru sterkari en annarra en um helmingur taldi meira hlustað á hugmyndir og athugasemdir frá unglínaráðum og 42% fannst að meira væri hlustað á 10. bekk en aðra. Fáir töldu meira hlustað á annað kynið.

Tafla 8. Er hlustað á ákveðna hópa í meira mæli en annarra?

	Alls	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Strákur	Stelpa
10. bekkur	42%	43%	37%	49%	41%	44%
9. bekkur	21%	19%	27%	20%	25%	16%
8. bekkur	8%	8%	7%	11%	9%	8%
Unglínaráðið	51%	53%	57%	49%	48%	55%
Vinahópar	14%	13%	13%	17%	11%	18%
Stelpurnar	5%	4%	9%	4%	6%	4%
Strákarnir	4%	2%	6%	4%	4%	4%
Nei	29%	37%	23%	29%	29%	31%

Að lokum voru unglingarnir beðnir að meta hvort þau hefðu lært eitthvað af veru sinni í félagsmiðstöðinni og eins og sjá má á mynd 5 var virðing, samskiptafærni og ábyrgð það sem flestir sögðust hafa lært mikið um.



Mynd 5. Lærdómur af verunni í félagsmiðstöðinni

Unglingar í 8. og 9. bekk sögðust oftast hafa fengið hugmyndir að nýju áhugamáli í gegnum félagsmiðstöðina en unglingar í 10. bekk en annars var hvergi marktækur munur eftir kynjum eða aldri á þessum spurningum.

SAMANTEKT

Flestir unglingarnir í könnuninni sóttu reglulega opið hús á kvöldin og böll í félagsmiðstöðina. Um 30% þátttakenda sögðust oft mæta á fundi í ráðum og nefndum í félagsmiðstöðinni og voru heldur fleiri stelpur en strákar virk í þeim hluta starfsins. Rúm 94% töldu mikilvægt að hafa félagsmiðstöð í hverfinu sínu.

Um 70% unglinganna voru í minna en 10 mínútur að ganga að heiman frá sér í félagsmiðstöðina en tímalengdin var misjöfn eftir hverfum. Þannig gátu 90% unglinga í Breiðholti gengið í félagsmiðstöðina á undir 10 mínútum en 45% unglinga í Vesturbæ. Nokkur kynjamunur kom fram í öryggi á gönguleiðinni þar sem stelpur upplifðu sig minna öruggar á leið í og úr félagsmiðstöðinni en strákar.

Ánægja og líðan unglinganna í félagsmiðstöðinni var góð þó heldur væri ánægja með starfið minni hjá elsta aldurshópnum. Yfir 90% töldu sig vera örugg í starfinu. Ánægja með samskipti við starfsfólk var mikil og unglingarnir töldu þau vera góðar fyrirmyndir fyrir unglinga í miklum meirihluta tilvika.

Að hitta aðra unglinga og vini sína var langalgengasta ástæða fyrir því að nýta sér félagsmiðstöðina og nær enginn munur eftir kynjum eða aldri. Næst á eftir var nefnt að slaka á eða hanga og svo klúbbastarf. Eldri hópurinn sótti meira í klúbbastarf en þeir yngri og strákar völdu aðeins oftar en stelpur að þeir kæmu í félagsmiðstöðina til að slaka á/hanga.

Þegar spurt var um fjölbreytni starfsins töldu flestir að það væri fjölbreytt en þó var stærsti hlutinn á því að það væri fremur fjölbreytt en mjög fjölbreytt. Það mætti skoða sem vísbendingu um að svigrúm sé til að auka fjölbreytni. Yfir 90% fannst að framboð á viðfangsefnum væri jafnt fyrir bæði kyn.

Að mati unglinganna gengur starfsfólki vel að hlusta á hugmyndir þeirra og meirihluti hugmyndanna virðist vera framkvæmdur enda töldu 88% að unglingar réðu miklu um það sem gert væri í félagsmiðstöðinni.